

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánssonar til stuðnings nýjungum í læknisfræði, nr. 506/1980, með síðari breytingum nr. 509/2022, nr. 1220/2022 og nr. 1273/2022.

1. gr.

Stjórn sjóðsins hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á skipulagsskrá sjóðsins:

2. gr. orðist svo:

Markmið sjóðsins er stuðningur við nýjungar í læknisfræði, einkum á sviði heila- og hjarta-skurðaðgerða, augnlækninga og öldrunarsjúkdóma.

Ár hvert skal sjóðstjórn úthluta tekjum, sbr. 1. másl. 4. gr. skipulagsskrár þessarar, sem til hafa fallið á síðastliðnu starfsári sjóðsins, til verkefna, nýjunga eða rannsókna sem samræmast markmiði hans skv. 1. mgr. 2. gr.

Stjórn sjóðsins hefur að auki heimild til að úthluta árlega allt að kr. 10.000.000 af öðrum eignum en gjafafé í sama markmiði.

Áskotnist sjóðnum gjafafé, sbr. 2. másl. 4. gr., skal sjóðstjórn úthluta því með sama hætti og greinir í 2. mgr. 2. gr., ýmist í heild sinni eða með jöfnum hætti á allt að fimm árum.

Tekjum og eignum sjóðsins skal ekki ráðstafað í öðrum tilgangi en þeim sem samræmist markmiði hans.

4. gr. orðist svo:

Tekjur sjóðsins eru vextir af stofnfé og öðru fé, sem sjóðnum kann að áskotnast. Gjafafé skal leggja við stofnfé þar til því hefur verið úthlutað að fullu í samræmi við 3. mgr. 2. gr. skipulagsskrárinnar. Stjórnunarkostnaður greiðist af tekjum sjóðsins.

2. gr.

Ofangreind breyting á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Helgu Jónsdóttur og Sigurliða Kristjánssonar til stuðnings nýjungum í læknisfræði staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

F. h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 11. október 2024,

Björn Hrafnkelsson.

Auður Steingrimsdóttir.